

Sýnataka í Kröflu 12-29 mars 1981

Trausti Hauksson, Halldór Ármannsson, Þóroddur F.
Þóroddsson

Greinargerð TH-HÁ-ÞFP-81-01

Sýnataka í Kröflu 12-29 mars 1981.

Aðaltilgangur ferðar var að kanna árangur hreinsunar holu KJ-9. Holan hafði dalað úr 36,9 kg/s heildarrennsli 3/2 '81 í 18,8 kg/s 20/2 '81. Hreinsun fór fram 7/3 - 12/3 '81 og var fyrsta fyrirstaða í 500 m. Að hreinsun lokinni steig þrýstingur í 3,5 bar á 4 dögum og var henni hleypt upp á 7unda degi. Eftir 3ja daga blástur var varmainnihald komið í 1060 kJ/kg sem samsvarar varmainnihaldi 245°C heits vatns. Sýni tekið 24/3 gaf kísilhitann 250°C. Þessar tölur eru áþekkar og fyrir hreinsun.

Gasstyrkur er mun lægri en fyrir hreinsun (sjá Töflu). Álykta má út frá þessu að holan hafi náð hitajafnvægi eftir hreinsun en að innrennsli úr neðstu æð sé tregt. Líklega stafar það af kalkmylsnu sem sest hefur í æðina þegar hreinsað var.

Í ferðinni var einnig safnað sýnum úr eftirtöldum stöðum til grunnvatnsrannsókna í nágrenni Kröflu og Bjarnarflags.

1. Búrfellshraun höggborshola 59 og 65 m
2. Kísiliðjuhola Nyrðri
3. - " - Syðri
4. Egilshola
5. Kaldavatnshola hitaveitu Reykjahlíðar.
6. Stóragjá
7. Helgavogi við Mývatn
8. Sunnan Voga við Mývatn
9. Sunnan Auðna - " -
10. Grjótagjá við baðstað, veg að Vogum og Hverfjall
11. Kaldavatnshola Kröfluvirkjunar
12. Frárennsli Kröfluvirkjunar.

Trausti Hauksson

Halldór Ármannsson

Þóroddur F. Þóroddsson.

TAFLA I Efnagreiningar og aflmælingar fyrir og eftir hreinsun KJ-9


Sýni nr	Dags.	Vatnsfasi			Gufufasi			Gas % í heild	Kísil-hiti	H _o kJ/kg	Q _T kg/s	Q _s 7 bar a	
		pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Gas%	CO ₂						H ₂ S
1062	801125	8,80	151	29,4	607	1,65	16050	451	0,26	253	1059	40,2	7,1
1008	810324	9,09	94	37	617	0,40	3780	289	0,07	250	1038	24,6	4,1

7

ORKU. REYKJON

1981 / TH

Upphleyting KJ9
eftir hveinsun 8/03 07-12



* Hóla betri á veitun en dagur
Hóla veituppt á öðrum úrskorunum
og síðan veitir að veitubogum.

○ Þrjústakur (bevi)
□ Vatnsmáinnivald
△ Gutfurðarmágn 1/2 bevi

HVEINSON LAOK 12/1381